



Fjölbrautaskóli Suðurlands  
Vorönn 2022

## SPÆN2DD05

<b>Kennari:</b>	<b>Sigríður Guðmundsdóttir</b>	<b>Sk.st.</b>	<b>SGU</b>
-----------------	--------------------------------	---------------	------------

### Áfangalýsing:

Í áfanganum verður byggt ofan á þann grunn sem nemendur hafa myndað í fyrstu þremur áföngunum. Þá verður einnig lokið við að fara yfir helstu málfræðiatríði tungumálsins.

Lesnir verða textar og greinar sem tengjast málefnum líðandi stundar.

Við lok áfangans eiga nemendur að vera komnir að mörkum A2 og B1 samkvæmt Evrópska matsrammanum.

**Undanfari:** SPÆN1CC05

### Þekkingarviðmið:

Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- Ýmsum sérhæfðum þáttum í menningu og þjófélagi spænskumælandi málsvæða.
- Sérhæfðari þáttum spænskis málkerfis.
- Þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að skilja efni áfangans.
- Notkun spænsku til að mæta hæfniviðmiðum áfangans bæði munnlega og skriflega.

### Leikniviðmið:

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- Skilja þegar rétt er um málefni daglegs lífs eða kunnugleg málefni.
- Greina aðalatriði í frásögn, þ.m.t. í fjölmiðlum og á netinu, sem fjalla um afmörkuð málefni.
- Skilja sértæk orð og orðasambönd sem eru einkennandi fyrir talmál.
- Skilja og túlka einfalda eða einfaldaða bókmenntatexta.
- Skilja stuttar greinar, t.d. í tímaritum, dagblöðum og á netinu, um ýmis efni með hjálp orðabóka og uppsláttarrita.
- Skima og skilja aðalatriði í nokkuð þungum textum sem tengjast þeim áfangans.
- Taka þátt í samræðum um afmörkuð, undirbúin efni og beita málfari við hæfi hverju sinni.
- Halda stutta og hnitmiðaða kynningu um efni sem hann hefur undirbúið fyrirfram.
- Skrifa texta af fjölbreyttu tagi sem tengjast viðfangsefnum áfangans.
- Skrifa útdrátt eða eigin hugleiðingu út frá frásögn í m.a. greinum og bókmenntatextum.

## Hæfniviðmið:

Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Skilja aðalatriði í daglegu máli, svo sem samræður og fjölmiðlaefni.
- Tileinka sér og nýta efni ritaðra texta af ýmsu tagi.
- Lesa skáldskap á hæfilegu þyngdarstigi og tjá sig munnlega og skriflega um efnið.
- Ræða af nokkru öryggi um kunnuleg efni.
- Taka þátt í einföldum skoðanaskiptum og færa rök fyrir máli sínu.
- Skrifa læsilegan texta um sérvalið efni.
- Nýta á markvissan hátt upplýsingatækni og ýmis hjálpargögn við textasmíð.

## Námsmat: Áfanginn er símatsáfangi.

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf	Tvö skrifleg kaflapróf úr námsefninu (lesskilningur, ritun, orðaforði og málfræði) – Það er <b>SKYLDA</b> að taka hlutaprófin.	35%
Hlustunarpróf	<b>Eitt</b> hlustunarpróf – Það er <b>SKYLDA</b> að taka prófið.	5%
Munnleg færni	Munnlegt verkefni/Munnlegt próf (verður tekið í lok annar) – Það er <b>SKYLDA</b> að taka munnlega prófið.	15%
Ritun/sagnapróf	Ritunar- og sagnaverkefni og/eða próf á önninni.	10%
Annað	Ýmis stór verkefni (smásaga, kvikmyndaverkefni o.s.frv.).	35%

*Það má ekki sleppa kaflaprófunum, hlustunarprófinu, né munnlega prófinu ef standast skal áfangann*). Einnig þurfa nemendur að fá **4,5 í meðaleinkunn** úr kaflaprófunum tveimur til að standast áfangann. Ef nemandi er með undir 4,5 í þeim prófum má hann taka endurtökupróf í skrapi.

## Námsefni og gagnlegar vefsíður:

- Nuevo español en marcha, nivel básico A1/A2: lesbók (Libro del alumno) og vinnubók (Cuaderno de ejercicios)
- Verkefnahefti/ljósrit frá kennara
- Smásaga (pdf skjal) frá kennara.
- Þunn plastmappa fyrir ljósrit og verkefni
- A5 eða A4 stílabók
- Náms efni á Innu
- [www.snara.is](http://www.snara.is) (orðabók á netinu, frír aðgangur á vefsvæði FSu)
- <https://www.wordreference.com/es/en/translation.asp?spen=>
- <https://www.spanishdict.com/>
- [www.conjuguemos.com](http://www.conjuguemos.com)
- Duolingo, Quizlet, Kahoot öppin

## Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr.	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1	1. – 2. jan.	Jólafrí	
2	3. – 9. jan.	- Farið yfir kennsluáætlun - Nemendur kynna sig	
3	10. – 16. jan.	Upprifjun úr AA-BB-CC	
4	17. – 23. jan.	Upprifjun úr AA-BB-CC	
5	24. – 30. jan.	13A – Condicional – gustarí+infinitivo - orðaforði	
6	31. jan. – 6. feb.	13B – atburðapátíð og lýsingarpátíð	
7	7. – 13. feb.	13C – Beint og óbeint andlag	Byrjum að lesa smásögu
8	14. – 20. feb.	14 A/14B– pátíðirnar – Comparativos/lýsingarorð	
9	21. – 27. feb. Verkefnadagur 21.2.	15B – Indefinidos – atviksorð	
10	28. feb. – 6. mars Kátir dagar/Flóafár 2. – 4.3. Miðannarmat	Undirbúningur f/kaflapróf	Kaflapróf 1
11	7. – 13. mars Opið hús 8. mars Áfangamessa 9. mars	16A – boðháttur, Imperativo afirmativo y negativo	Kvikmyndaverkefni
12	14. – 20. mars Valdagur 16. mars	16C – Viðtengingarháttur Subjuntivo	
13	21. – 27. mars	18C Framtíð – Futuro imperfecto	Verkefni úr smásögu
14	28. mars – 3. apríl		
15	4. – 10. apríl	Ljúkum yfirferð námsefnis	Skráp – öll ólokin verkefni
16	11. – 17. apríl Páskafri	<b>PÁSKAFRÍ</b>	
17	18. – 24. Apríl Kennsla hefst 20.4. Sumard.fyrsti 21.4.	23. apríl – Dagur spænskrar tungu.	Viðburður í Veröld húsi Vigdísar.
18	25. apríl – 1. maí	Undirbúningur f/kaflapróf	Hlustunarpróf
19	2. – 8. maí Síðasti kennslud 6 maí		Kaflapróf 2 Munnlegt próf
20	9. – 15. maí	Námsmat (próf).	

### Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Námsmat hefst mánudaginn **9. maí** (það er **EKKI** lokapróf í þessum áfanga þar sem þetta er **SÍMATSÁFANGI** en athugið það er gerð krafa um **80% verkefnaskil** og **lágmarkseinkunnir á kaflaprófum**. Öllum verkefnum og prófum skal lokið **fyrir** námsmatsviku.

## Sérreglur áfangans:

- Áfanginn er **símatsáfangi** og því mikilvægt að nemendur standi skil á prófum og verkefnum og haldi sig innan gefins skilafrests.
- Nemendur þurfa að fylgjast með dagskrá komandi viku á Innu og í kennsluáætlun og bera ábyrgð á því að standa skil á verkefnum á réttum tíma og læra fyrir próf.
- Einkunnin **0** fæst fyrir vanskil á verkefnum og ekki er tekið við verkefnum sem er skilað eftir skilafrest.
- Ef nemandi er fjarverandi þegar próf er tekið í tíma hefur hann möguleika til að taka það í næsta skriptíma, annars fær hann einkunnina 0 fyrir prófið.
- Ef nemandi gleymir bókum þá þarf hann að fá lánaðar bækur á bókasafni eða að fá að sjá hjá sessunaut. Það er ekki í boði að mæta og gera ekki neitt. Ef nemandi mætir ítrekað bókarlaus í tíma þá verður honum vísað út og fær fjarvist.
- Nemendur eldri en 20 ára skulu skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur. Þeir skrifa einnig undir samning við kennara vegna mætingar.
- Nemendur með opið vottorð þurfa að skila öllum verkefnum og prófum eins og aðrir nemendur.
- Notkun síma og tölvu er ekki heimil í tímunum nema kennari taki það sérstaklega fram, t.d. í tengslum við verkefnavinnu o.þ.h. **Ítrekuð notkun slíkra tækja getur orsakað fjarvist í tíma.**
- Ef þið þurfið einhverra hluta að fara fyrir úr tíma, látið þá kennarann vita í byrjun tímans eða fyrir tímann, ef mögulegt er.
- Að auki skal bent á að ef nemandi fer fram og er **10 mínútur eða lengur** frammi þá jafngildir það fjarvist. ***Vegna Covid-19 verðum við einnig að reyna að sporna sem allra mest við rápi fram og tilbaka úr skólastofunni.***
- Gerð er krafa um 80% skil á verkefnum (einnig skal aftur tekið fram að það má ekki sleppa hlutaprófunum, hlustunarprófum og munnlega prófinu ef standast skal áfangann).

**Námsáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.**

Með von um ánægjulegt samstarf,  
Sigríður Guðmundsdóttir